

**Aðalfundur Félags rannsóknastjóra á Íslandi**  
**Háskólanum í Reykjavík**  
**24. apríl 2013, kl. 16.15**

**Fundargerð**

Mættir eru 18 félagsmenn

**1. Kosning fundarstjóra og fundarritara**

Eiríkur Smári Sigurðsson var kosinn fundarstjóri.  
Ólöf Gerður Sigfúsdóttir var kosin ritari fundarins.

**2. Skýrsla stjórnar lögð fram**

Ásta Sif Erlingsdóttir, formaður stjórnar, flutti skýrslu stjórnar og fór yfir það helsta sem stjórn hefur tekið sér fyrir hendur á því stutta tímabil sem félagið hefur verið starfandi:

- Sótt hefur verið um kennitölu og bankareikningur stofnaður.
- Sótt var um styrk til samstarfsnefndar háskólanna, hún hefur ekki verið afgreidd.
- Félagið tók þátt í COST-umsókn í samstarfi við evrópsk félög rannsóknastjóra. Ekki enn borist svar varðandi þá umsókn.
- Félagið sendi kveðju til systurfélags í Noregi sem var stofnað nýlega.
- Félagið vinnur í því að setja upp heimasíðu.
- Rætt hefur verið um að óska eftir tillögum frá félagsmönnum um merki félagsins.

**3. Reikningar lagðir fram til samþykktar**

Kristján Kristjánsson, gjaldkeri félagsins, lagði fram yfirlit reikninga félagsins og skýrði tekjur þess og gjöld. Þá sagði hann frá hreyfingum á bankareikningi félagsins, útistandandi reikningum vegna ógoldinna félagsgjalda, auk skráningar félagsins hjá RSK. Fundurinn samþykkti reikningana.

**3a. Kosning eftirlitsmanns**

Fundurinn samþykkti að halda kosningu eftirlitsmanna frá stofnfundi óbreyttri.

**4. Lagabreytingar**

Fundurinn samþykkti viðbót við lög félagsins sem fjallar um hvað verður um eignir félagsins ef það verður fellt niður.

**5. Ákvörðun félagsgjalds**

Gjaldkeri félagsins lagði til að félagsgjaldið yrði óbreytt fyrir árið 2014. Fundurinn samþykkti að halda félagsgjöldum fyrir 2014 óbreyttum, eða 15.000 kr.

**6. Kosning stjórnar**

Fundurinn samþykkti óbreytta stjórnarskipan frá því sem ákveðið var á stofnfundi.

**7. Önnur mál**

Einar Hreinsson, sérfræðingur hjá Rannís, kynnti stöðu mála um fyrirhugaða innleiðingu á sameiginlegum gagnagrunni yfir rannsóknir á Íslandi. Hann lýsti ferlinu og helstu valkostum um kerfi, auk þess að ræða almennt um hlutverk slíks gagnagrunns. Nokkrar umræður spunnust á fundinum um praktísk mál eins og skráningu og ábyrgð hvers skóla fyrir sig, og kosti kerfanna sem til umræðu voru.

Fundi slitið  
ÓGS